

Dómsorð:

Heildarsöluverð fisks samkvæmt 5. mgr. 3. gr. framan-
greinds kjarasamnings er verð fisksins um borð, að við-
bættum löndunarkostnaði á hverjum stað, útflutnings-
gjöldum, tollum erlendis og sölukostnaði þar.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 22. desember 1951.

Nr. 14/1951: **Einar J. Guðmundsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Eyjólfur Jónsson
í stað **Helga Hannessonar.**

Brottvikning úr stéttarfélagi dæmd ógild.

Skaðabætur dæmdar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 20. f. m. af Einari J. Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Sundlaugavegi 8 í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. bifreiðastjórafélagsins Hreyfils. Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. að dæmt verði, að brottvikning stefnanda úr bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, sem samþykkt var á félagsfundi þar 7. nóv. s.l. og tilkynnt stefnanda af stjórn Hreyfils 9. s. m., sé ólögmet,

2. að téð félag verði fyrir umrædda ólögmeta brottvikning hans dæmt til að greiða hinar þyngstu sektir, sem lög leyfa,

3. að téð félag verði aðallega dæmt til að viðurkenna stefnanda sem fullgildan félagsmann sinn, en til vara verði það dæmt til að taka hann í félagið sem fullgildan félagsmann, allt að viðlögðum sektum, eigi undir 200 krónum fyrir hvern

dag, sem líður frá lokum aðfararfrests eftir dómi í máli þessu, unz greindu ákvæði dómsins verður fullnægt,

4. að téð félag verði að viðlögðum dagsektum, svo sem nú var greint, dæmt til að heimila, að stefnandi taki aftur við stöðu sinni hjá Strætisvögnum Reykjavíkur,

5. að téð félag verði dæmt til að greiða stefnanda skaðabætur, kr. 2.796.14 fyrir hvern mánuð, sem líður frá 10. nóv. þ. á., unz stefnandi fær aftur að taka við stöðu sinni hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, og

6. að téð félag verði dæmt til að greiða stefnanda að skaðlausu kostnað sakarinnar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi hefur unnið sem fastur starfsmaður hjá Strætisvögnum Reykjavíkur síðan í maí 1943. Fyrstu árin vann hann eingöngu sem vagnstjóri, en síðari árin hefur hann haft þann starfa á hendi að sjá um að vatn og olía sé jafnan nægilega mikil á vögnunum, annast smávægilegar viðgerðir og aka vögnum í aukaferðum, eftir því sem þörf gerist. Auk þessa hefur hann verið aðstoðarmaður eftirlitsmanna þeirra, sem starfa sem verkstjórar hjá Strætisvögnum Reykjavíkur og gegnt verkstjórn í fjarveru þeirra. Akstur strætisvagna hefur þó jafnan verið talsverður þáttur í störfum hans, og hann hefur tekið laun samkvæmt kjarasamningi bifreiðastjórafélagsins Hreyfils við Strætisvagna Reykjavíkur og verið félagsmaður í Hreyfli með fullum félagsréttindum. Af bréfi formanns Hreyfils til Strætisvagna Reykjavíkur, dags. 9. s. m., sem nánar verður vikið að síðar, er ljóst, að stjórn Hreyfils telur hann þá gegna störfum hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem skylt sé að láta félagsmenn Hreyfils inna af hendi.

Í sambandi við almenna ráðningu á starfsfólki hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem fram fór á s.l. hausti, snéri núverandi forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur sér til stefnanda, Gunnbjörns Gunnarssonar og Ingibergs Sveinssonar, sem þá gegndu allir sömu störfum hjá nefndu fyrirtæki, með tilmælum um það, að þeir létu honum í té álit um starfshæfni allra

þeirra vagnstjóra, sem þá unnu hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, og skiptu þeim í eftirtalda flokka: Úrvalsflokk, 1. flokk og 2. flokk. Stefnandi og Gunnbjörn urðu við þessum tilmælum og létu hvor um sig forstjóranum í té álit um það, í hvaða hæfnisflokk þeir vildu flokka vagnstjórana, án þess að tilgreina á hvaða einstökum atriðum það mat væri byggt. Af þeim vagnstjórum, sem þeir töldu eiga heima í 2. flokki, voru 7 ekki ráðnir, en þeim hafði öllum ásamt öðrum vagnstjórum áður verið sagt upp starfi með 3 mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt yfirlýsingu forstjóra Strætisvagna Reykjavíkur hér fyrir dómi aflaði hann sér ýmissa annara heimilda og upplýsinga um starfshæfni vagnstjóranna og kveður hann, að flokkun þeirra stefnanda og Gunnbjarnar hafi ekki ráðið neinu um það, hvaða vagnstjórar voru ráðnir til áframhaldandi starfa hjá nefndu fyrirtæki.

Eftir að í ljós kom, að þeir stefnandi og Gunnbjörn höfðu látið í té álit um starfshæfni vagnstjóranna munu þeir hafa orðið fyrir ámæli af hálfu stéttarbræðra sinna, og á almennum fundi í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli hinn 7. nóvember s.l. var borin upp svohljóðandi tillaga:

„Almennur fundur í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, haldinn 7. nóv. 1951, vítir harðlega það framferði tveggja meðlima félagsins, þeirra Einars J. Guðmundssonar og Gunnbjörns Gunnarssonar, að láta nota sig til að kveða upp órökstudda sleggjudóma um starfshæfni félagsbræðra sinna og samstarfsmanna hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem síðan voru af forráðamönnum fyrirtækisins notaðir sem átylla til þess að svipta sjö af félagsmönnum bifreiðastjórafélagsins starfi sínu hjá Strætisvögnunum. Fundurinn telur, að slíka framkomu geti bifreiðastjórafélagið ekki liðið félagsmönnum sínum, og samþykkir þess vegna að víkja fyrrgreindum mönnum úr félaginu þegar í stað.“

Tillaga þessi var samþykkt með 74 atkv. gegn 68, en 11 fundarmenn greiddu ekki atkvæði.

Hinn 9. s. m. ritaði formaður Hreyfils stefnanda svohljóðandi bréf:

„Með tilvísun til meðfylgjandi samþykktar, sem gerð var á

fundi félags vors 7. þ. m., eruð þér ekki lengur meðlimur félags vors.“

Sama dag ritaði formaður Hreyfils Strætisvögnum Reykjavíkur eftirfarandi bréf:

„Samkvæmt meðfylgjandi samþykkt, sem gerð var á fundi félags vors 7. þ. m., leyfum vér oss hér með að tilkynna yður, að tveir af starfsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur, þeir Einar J. Guðmundsson og Gunnbjörn Gunnarsson, hafa verið sviptir félagsréttindum í félagi voru. Með tilvísun til þessa, sbr. samning félags vors við yður, er yður með öllu óheimilt að láta fyrrgreinda menn vinna þau störf, sem samningur félags vors við yður tekur til, en meðlimir félags vors hafa ótvíræðan forgangsrétt til allra þeirra starfa.

Verði áðurgreindir menn ekki látnir hætta fyrrgreindum störfum þegar í stað, munum vér þegar gera ráðstafanir til þess að banna meðlimum félags vors að vinna með þeim.“

Forráðamenn Strætisvagnanna töldu sér ekki fært að hafa stefnanda í þjónustu sinni eftir móttöku bréfs þessa og hætti hann störfum þar frá og með 10. nóvember s.l.

Stefnandi höfðaði síðan mál þetta, svo sem að framan er greint, til þess að fá brottvikningunni úr Hreyfli hrundið og bætur fyrir það tjón, sem hann taldi hafa leitt af henni.

Skal nú vikið að dómkröfum stefnanda.

1. *Brottvikningin úr Hreyfli.*

Kröfuliðir 1—4.

Stefnandi byggir þenna hluta dómkrafna sinna á því, að hann hafi ekki á neinn hátt brotið skyldur sínar við stéttarfélag sitt né félagsbræður sína. Kveðst hann hvorki hafa á nokkurn hátt orðið félaginu til vansa né heldur unnið gegn hagsmunum þess. Einnig vísar hann eindregið á bug þeim á-sökunum, sem hann er borinn í framangreindri tillögu á fundinum 7. nóvember s.l., að hann hafi kveðið upp órökstudda sleggjudóma um starfshæfni félagsbræðra sinna, er gefið hafi forráðamönnum Strætisvagna Reykjavíkur átyllu til þess, að félagsmenn Hreyfils væru sviptir störfum sínum. Kveðst hann hafa litið svo á, að sér væri samkvæmt starfi sínu skylt að láta forstjóra Strætisvagnanna í té framangreinda umsögn, og ekki á nokkurn hátt með því gerzt brotlegur við félag sitt.

Hafi sú umsögn hvorki að efni né formi gefið ástæðu til þess að víkja honum úr félaginu. Brottvikning hans úr Hreyfli hafi þannig ekki haft við nein rök að styðjast og því verið ólögmæt. Hann eigi samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 lögvarinn rétt til inngöngu í bifreiðastjórafélagið Hreyfil. Telur hann, að jafna verði brottvikningu sinni úr félaginu til þess, að honum hefði verið synjað um inngöngu í það, því félagið væri ekki opið svo sem boðið sé í 2. gr. nefndra laga, ef víkja mætti mönnum úr því án saka. Bifreiðastjórafélagið Hreyfill hafi því gerzt brotlegt við nefnt lagaákvæði og unnið til refsingar samkvæmt 70. gr. sömu laga. Þá hefur stefnandi einnig bent á það, að ekki hafi verið tilgreint í fundarboðinu að fundinum 7. nóv., að tillaga um brottrekstur sinn yrði til umræðu á þeim fundi, og væri ákvörðun fundarins líka af þeirri ástæðu löglaus.

Stefndi hefur mótmælt þeim dómkröfum stefnanda, að brottrekstur hans úr Hreyfli verði dæmdur ólögmætur. Telur hann, að stefnandi hafi með framangreindri umsögn sinni gerzt sekur um ófélagslega hegðun, er varða eigi brottrekstri, þar sem hann hafi eins og lýst sé í áður nefndri brottvikningartillögu, sem samþykkt var á Hreyfilsfundinum 7. nóv. s.l., orðið þess valdur, að sjö félagsmenn í Hreyfli voru sviptir starfa sínum. Kveður stefndi, að heimilt sé samkvæmt samþykktum Hreyfils að víkja mönnum úr félaginu, en félagsmenn eigi úrlausn þess, hvenær ástæða sé til slíkra aðgerða. Nú hafi brottvikningin verið samþykkt með lögmætum hætti og beri því að sýkna af þeirri kröfu stefnanda, að hún verði dæmd ólögmæt. Þá heldur stefndi því og fram, að enda þótt brottvikningin kunni að verða dæmd ólögmæt þá beri allt að einu að sýkna af refsikröfu stefnanda.

Málssókn þessi byggist í höfuðatriðum á kæru um brot á 2. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 70. gr. sömu laga. Er því rétt samkvæmt 44. gr. nefndra laga, að málið sé rekið hér fyrir dómi. Hvorki ákvæði 3. gr. samþykktta bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, sem fjalla um það, hverjir eigi rétt til inngöngu í félagið, né heldur ákvæði 10. gr. sömu samþykktta, sem geyma ákvæði um það, hvenær víkja megi mönnum úr nefndu félagi, verða talin því til hindrunar, að metið sé hér í dómi, hvort fé-

lagsmanni hafi með réttu verið vikið úr félaginu og hann sviptur félagsréttindum.

Ágreiningslaust er, að fundur sá í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli 7. nóv. s.l., sem að framan greinir, hafi verið auglýstur á þeim tíma og stöðum, sem vera bar. Í fundarboðinu var fundarefnið tilgreint í 6 liðum, og var eitt fundaratriðið: *Uppsögn strætisvagnastjórnanna*. Hins vegar var ekki í fundarboði greint, að lögð mundi verða fyrir fundinn tillaga um að víkja stefnanda eða öðrum úr félaginu. Á fundi þessum voru og greiddu atkvæði samkvæmt samhljóða skýrslum málsaðilja 153 félagsmenn, en upp er komið í málinu, að ekki séu færri en 600 fullgildir félagar í Hreyfli. Þar sem félagsmönnum gafst þannig samkvæmt framansögðu ekki færi á því, að fá vitneskju um það fyrir fundinn, að tillaga um brottvikningu stefnanda úr félaginu mundi koma til álita og atkvæða á fundinum, verður ekki talið, að fundurinn 7. nóv. hafi getað, svo gilt væri, vikið stefnanda úr félaginu. Ber því þegar af þessari ástæðu að dæma brottvikningu stefnda úr Hreyfli marklausa og ólögmeta.

Jafna verður framangreindri fundarsamþykkt Hreyfils og tilkynningu formanns félagsins til stefnanda, dags. 9. f. m., til löglausrar synjunar um inngöngu í félagið. Hefur Bifreiðastjórafélagið Hreyfill því með nefndum athöfnum gerzt brotlegt við 2. gr. laga nr. 80/1938 og ber að dæma það til greiðslu sektar samkvæmt 70. gr. sömu laga. Og með tilliti til þess, að ekki hafa verið færð fram af hálfu stefnda rök fyrir því, að fyrir hendi hafi verið gildar ástæður til þess að víkja stefnanda úr stéttarfélagi sínu, þykir sektin, sbr. lög nr. 14/1948, hæfilega ákveðin kr. 500.00, er greiðist í ríkissjóð.

Þar sem dómur þessi er stefnanda fullgild heimild fyrir félagsréttindum í Hreyfli er ekki ástæða til þess að kveða á um dagsektir samkvæmt 3. og 4. lið dómkrafna hans.

2. *Skadabótakrafan.*

5. kröfuliður stefnanda.

Vegna framangreinds brottreksturs úr Hreyfli og tilkynningar þeirrar frá formanni Hreyfils til Strætisvagna Reykja vikur, sem áður hefur verið rakin, kveðst stefnandi hafa verið sviptur stöðu sinni hjá Strætisvögnunum. Og þar sem bif-

reiðastjórafélagið Hreyfill hafi valdið þessu með ólögætum athöfnum beri því að bæta sér það tjón, sem hann hafi af þessu hlotið. Hann kveðst hafa verið atvinnulaus síðan hann lét af störfum hjá Strætisvögnunum og er skaðabótakrafa hans miðuð við mánaðarlaun vagnstjóra í þjónustu Strætisvagnanna.

Stefndi hefur mótmælt því, að hann sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, þótt brottvikningin yrði dæmd ógild. Kveður hann, að störfum stefnanda hjá Strætisvögnunum hafi verið svo farið, að hann hefði allt að einu getað unnið áfram í þjónustu þess fyrirtækis, þótt hann væri ekki félagsmaður í Hreyfli. Til vara hefur stefndi, með vísun til 65. gr. laga nr. 80/1938, krafizt lækkunar á skaðabótakröfu stefnanda, þar sem hann hafi sjálfur gefið tilefni til þeirra atburða, sem leiddu til þess, að hann lét af störfum hjá Strætisvögnunum.

Samkvæmt 22. gr. kjarasamnings Strætisvagna Reykjavíkur og bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, er vinnuveitanda óheimilt „að taka né hafa aðra menn til bifreiðaaksturs. . . en þá, sem eru fullgildir meðlimir Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils.“ Ekki hefur verið véfengt í málinu, að töluverður hluti af starfi stefnanda hjá Strætisvögnunum hafi verið bifreiðaakstur, og ljóst er af bréfi formanns Hreyfils til Strætisvagna Reykjavíkur, sem að framan er greint, dags. 9. f. m., að forráðamenn Hreyfils hafa litið svo á, að stefnandi ynni þá störf, sem félagsmenn í Hreyfli mættu einir vinna. Það verður því að telja, að stefndi, bifreiðastjórafélagið Hreyfill, hafi með hinni ólögætu brottvikningu og þeirri kröfu til Strætisvagna Reykjavíkur, að stefnandi yrði látinn hætta þar vinnu, orðið þess valdur, að hann missti atvinnu sína þar. Hefur félagið með því bakað sér skaðabótaskyldu.

Bótakrafa stefnanda er nægilega rökstudd, og þar sem ekki verður talið að skilyrði séu fyrir hendi til lækkunar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938 ber að taka hana til greina.

Forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur, sem stefnt var til réttargæzlu í máli þessu, hefur lýst því yfir hér fyrir dómi, að hann mundi strax taka stefnanda til starfa hjá Strætisvögnunum, ef hann fengi félagsréttindi í Hreyfli. Að þessu at-

huguðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 2796.14 á mánuði, svo sem krafizt hefur verið, frá og með 10. nóv. þ. á. til dómsuppsögudags og að honum meðöldum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn, kr. 800.00.

Dómsorð:

1. Framangreind brottvikning stefnanda, Einars J. Guðmundssonar, úr Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, er ógild.

2. Stefndi, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill í Reykjavík, greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs.

3. Stefndi, Alpýðusamband Íslands f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, greiði stefnanda kr. 2796.14 fyrir hvern mánuð, frá og með 10. nóv. 1951 til 23. desember s. á. og kr. 800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 22. desember 1951.

Nr. 13/1951: **Gunnbjörn Gunnarsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn

Alpýðusambandi Íslands f. h.
Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Eyjólfur Jónsson
í stað **Helga Hannessonar.**

Brottvikning úr stéttarfélagi dæmd ógild.
Skaðabætur dæmdar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 20. f. m. af Gunnbirni Gunnarssyni bifreiðastjóra Selvegi 9 í Reykja-